

1. maí ávarp

Til hamingju með daginn, alþjóðlegan baráttudag verkalýðsins.

Verkalýðsbaráttan er samtengd og órjúfanlegur hluti af baráttunni fyrir jöfnuði og betra samfélagi. Samfélög þar sem jöfnuður ríkir eru samfélög þar sem fólki líður betur, lífskilyrði eru betri og glæpir eru fátíðari, en í samfélögum þar sem er meiri ójöfnuður. Þessi samfélög byggja á öflugu velferðarkerfi og samtryggingu sem felur í sér að öll greiða í hina sameiginlegu sjóði til þess að halda uppi velferðinni sem við höfum svo aðgang að, þegar á þarf að halda.

Í gegnum tíðina hefur verkalýðsbaráttan stuðlað að betra samfélagi. Hún hefur getið af sér betri lífskjör og mikið af þeim réttindum, sem við getum varla ímyndað okkur að vera án, eru ávöxtur baráttunnar. Það á meðal annars við um atvinnuleysistryggingar, takmarkanir á lengd vinnutíma, fæðingarorlof, orlofsréttindi og veikindarétt. Í síðustu kjarasamningum var hluti kjarasamningspakkans gjaldfrjálsar skólamáltíðir í grunnskólum og hækkun barnabóta.

Þær umbætur sem verkalýðshreyfingin getur státað sig af eru sigrar launafólks og sigrar samtakamáttar. Merki Alþýðusambands Íslands, stærstu heildarsamtaka launafólks á Íslandi, vísar í þessa samstöðu, en merkið er hringur úr keðju sem er samsett úr mörgum hlekkjum. Hlekkirnir eru táknrænir fyrir baráttu launafólks. Baráttu sem er háð samstöðu fjöldans og aldrei sterkari en veikasti hlekkurinn.

Nú lifum við óvissutíma á alþjóðavísu. Á óvissutímum er oft hoggið í samstöðuna. Það er ekki að ástæðulausu. Ófriður og stríð eru afrakstur haturs og sundrunar sem alið er á. Því er aldrei mikilvægara að huga að samkennd og samstöðu og að standa vörð um mannréttindi en einmitt þegar skóinn kreppir og við upplifum óöryggi og óvissu.

Yfirskrift verkalýðshreyfingarinnar á 1. maí í ár er „Við sköpum verðmætin“. Það er mikill sannleikur í yfirskriftinni enda er það sannarlega launafólk sem skapar verðmætin en yfirskriftin er vísun í fleira. Hún vísar í það hvernig við skilgreinum verðmæti og almennt verðmætamat.

Verðmæti eru til dæmis sameiginlegir innviðir sem er svo oft fjallað um. Vegirnir, hitaveitan, rafveitan, brýrnar og sameiginlegar byggingar sem við erum stolt af, eins og Hjálmaklettur, sem skapar rými fyrir samveru og er nauðsynlegur samkomustaður í hverju samfélagi. Sum hér muna ef til vill eftir þeim miklu umbótum sem urðu þegar vinna hófst við að

steypa götur í Borgarnesi og enn fleiri munu eftir tilkomu hitaveitunnar. Allt þetta eru verðmæti og sameign okkar allra.

Ef við hugsum um atvinnuvegina sem skapa verðmætin þá eru líklega mörg sem hugsa um útflutningsgreinarnar; sjávarútveg, álframleiðslu, ferðaþjónustu, hugvit og tæknigreinar. Þær atvinnugreinar skapa gjaldeyri og útflutningstekjur og eru grundvallarstoð í okkar samfélagi.

Ef við veltum fyrir okkur fólkinu sem skapar verðmæti þá dettur okkur ef til vill í hug iðnaðarmenn, sjómenn, bændur, byggingaverkamenn, kokkar, fiskverkfólk, vöruflutningabílstjóra, verslunarfólkið og fólk í þjónustustörfum. Allt eru þetta mikilvæg störf sem sannarlega skapa verðmæti.

Verðmætin liggja þó víðar. Þau liggja framlínustörfunum, í stóru kvennastéttunum. Hvernig samfélag væri Borgarbyggð án leikskólanna, grunnskólanna, Brákarhlíðar, heilsugæslunnar og félagsþjónustunnar?

Þessar stofnanir bera konur uppi og stofnanirnar bera uppi samfélagið.

Kynskiptur vinnumarkaður þar sem karlar eru fremur í ákveðnum greinum og konur í öðrum er arfleifð sem byggir á verkskiptingu forfeðra okkar. Í sveitum landsins sinntu karlar útiverkum en konur matargerð, þrifum, þjónuðu og saumuðu, önnuðust og ólu upp. Með þróun vinnumarkaðarins fóru karlar að stunda launavinnu utan heimilisins en konur báru áfram ábyrgð á heimili, börnum og öldruðum. Þegar konur fóru í síauknum mæli út á vinnumarkaðinn færðust störfín, sem áður voru unnin inni á heimilunum, út á hinn formlega vinnumarkað. Börn fóru í leikskóla, frístund, veikir á sjúkrahús og aldraðir á öldrunarheimili.

Hin hefðbundnu kvennastörf eru störf sem unnin eru í samfélagi sem hafði um langt skeið aldrei greitt fyrir vinnuna. Konur sinntu þessum störfum en höfðu ekki af þeim tekjur, ekki orlofs- eða veikindaréttindi og hvað þá lífeyrisréttindi. Saga hinna hefðbundnu kvennastarfa er í raun saga um vanmat á vinnuframlagi kvenna og er grundvöllur hins skakka verðmætamats sem enn er til staðar.

Það var einmitt þetta sem konur sýndu fram á fyrir 50 árum með samtakamætti sínum. Þann 24. október árið 1975 lögðu konur niður störf innan heimilis og á vinnumarkaði. Þær kröfðust sömu kjara og sömu réttinda og karlar. Konur sýndu hugrekki, þor og dug þegar þær vöktu athygli á stöðu sinni. Þennan dag lagðist samfélagið á hliðina og heimilin líka. Sumir karlar höfðu aldrei sinnt börnum sínum en þurftu þennan dag að skipta á bleyjum, gefa börnum að borða og hafa ofan af fyrir þeim ásamt því að stunda vinnu. Líklegast voru feður sem störfuðu á Ríkissjónvarpinu í

hvað bestri stöðu en þar var brugðið á það ráð að safna börnunum saman og spila teiknimyndir en slíkt var ekki hægt á öðrum vinnustöðum í þá daga. Eins og gefur að skilja eru sögur þessa dags margar kostulegar en undirtónninn er þungur.

Á Kvennaári sem nú stendur yfir í tilefni þess að 50 ár eru liðin frá því að konur lögðu niður launaða og ólaunaða vinnu er óhjákvæmilegt annað en að þakka Rauðsokkunum, kvennahreyfingunni og öllum þeim sem hafa barist fyrir kvenréttindum fyrir sigrana. Sigrarnir eru margir. Ísland er fyrirmynd annarra landa þegar kemur að jafnrétti og trónir á toppnum á flestum þeim mælikvörðum sem notaðir eru til að meta jafnrétti. Atvinnuþátttaka kvenna er ein sú mesta sem þekkist í heiminum, hærra hlutfall kvenna en karla útskrifast úr háskóla. Landið er leitt af konum. Nú höfum við kvenkyns forseta, forsætisráðherra, biskup og borgarstjóra. Sumir hugsa kannski; hvað er eiginlega vandamálið?

Vandamálin eru ýmiskonar og staðreyndirnar sýna að enn er langt í land. Staðreyndirnar eru að konur eru með 22% lægri atvinnutekjur en karlar. Fjárhagsstaða kvenna mælist verri en karla í öllum rannsóknum Vörðu. Konur sinna enn heimilisstörfum og umönnun barna og fjölskyldu í meira mæli en karlar. Andleg heilsa kvenna mælist umtalsvert verri en karla og það á sérstaklega við meðal ungra kvenna. 70% þeirra sem fara í gegnum starfsendurhæfingu hjá VIRK eru konur. Ein af hverjum fjórum konum á aldrinum 63-66 ára er á örorkulífeyri. Konur verða auk þess í mun meira mæli en karlar fyrir kynbundnu og kynferðislegu ofbeldi.

Ójöfn staða kvenna og karla birtist með ýmsum hætti en grundvallast í því að margar konur búa ekki við fjárhagslegt sjálfstæði, búa ekki við öryggi og glíma við heilsu brest. Vandamálið er kerfisbundið og rótgróið í samfélagsgerðinni en það blasir við að tími er kominn til að meta framlag kvenna til jafns á við karla.

Á alþjóðlegum baráttudegi verkalýðsins óska ég launafólki baráttuþreks og samstöðu. Nú þegar stríð geisa og óvissa ríkir um heimsmálin er aldrei mikilvægara að standa saman. Sýna samhygð og kærleika en hafna sundrung og tortryggni. Markmiðið er skýrt; vinnum að jöfnuði og jafnrétti, það mun bæta lífsskilyrði og eru sameiginlegir hagsmunir okkar allra. Hvorki jöfnuður né jafnrétti munu skerða lífskjör – hvoru tveggja munu þvert á móti stuðla að betra og réttlátara samfélagi.